

Grenivíkurskóli

Skólaskýrsla



**Skólaárið
2019-2020**

Efnisyfirlit

Kafla	Bls.
1. Stefna skólans	2
2. Mannauður og skóladagatal	3
3. Náma og kennsla	4
3.1 Samræmd próf	5
3.2 Samstarf við foreldra/forráðamenn	6
3.3 Þróunarverkefni	6
4. Úr skólalífina	8
5. Símenntun	10
6. Sjálfsmat og ný námskrá	11
Lokaorð	12

Viðaukar

Nemendaskrá 2019-2020

Skóladagatal 2019-2020

1. Stefna skólans – Hugur, hönd og heimabyggð.

Starfsfólk Grenivíkurskóla leggur áherslu á eftirtalin atriði:

- Vel skipulagt og öruggt vinnuumhverfi.
- Vel skilgreind og skýr námsmarkmið.
- Góða daglega stjórnun.
- Framfarir í námi hvers nemanda.
- Góðar aðstæður til náms og starfa.
- Virkt eftirlit með námi nemenda.
- Gott samstarf heimila og skóla.

Leitast skal við að haga skólastarfinu í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Áhersla er lögð á að nýta námstímann vel og að allir nýti hæfileika sína til fulls. Skólaheitið okkar er: *“Ég kem í skólann til að læra og gera mitt besta”*.

Stefna skólans felur m.a. í sér að skólinn vinni markvisst að því:

- Að búa nemendum hlýlegt, heilsusamlegt og þroskavænlegt námsumhverfi.
- Að efla sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda, örva sjálfstæða hugsun og temja þeim ábyrgð á eigin athöfnum og viðfangsefnum.
- Að vekja athygli nemenda á þeim möguleikum sem heimabyggð þeirra hefur upp á að bjóða varðandi búsetu og atvinnu.
- Að efla félagsþroska nemenda meðal annars með því að þeir taki þátt í að móta eigið starfsumhverfi, félags- og menningarlíf.
- Að fræða nemendur og gera þá færa um að afla sér þekkingar og leikni og að temja sér hagkvæm vinnubrögð.
- Að allir nemendur finni tilgang með því að vera í skólanum.
- Að auka umhverfismennt nemenda með verkefnum tengd endurvinnslu og náttúruvernd.
- Að stuðla að hollu mataræði og aukinni hreyfingu meðal barna, unglunga og fjölskyldna þeirra.

2. Mannauður og skóladagar

Haustið 2019 voru 50 nemendur í Grenivíkurskóla. Um vorið voru nemendur 54.

Námshópar voru fjórir.

Bekkur/hópur	Umsjónarkennari	Fjöldi nemenda
1. – 2. bekkur	Guðrún Árnadóttir	1. bekkur: 3 2. bekkur: 6 Samtals: 9
3.- 4. bekkur	Hólmfríður Björnsdóttir	3. bekkur: 5 4. bekkur: 9 Samtals: 14
5.-7. bekkur	Oddný Jóhannsdóttir	5. bekkur: 5+1 6. bekkur: 7+1 7. bekkur: 1+1 Samtals: 13+3
8. – 10. bekkur	Inga María Sigurbjörnsd.	8. bekkur: 6 9. bekkur: 4 10. bekkur: 4+1 Samtals: 14+1

Kennarastundir voru 213 í viku. Þar af voru 40 ætlaðar til stuðningskennslu og 4 til kennslu í íslensku fyrir tvítyngda nemendur. Stöðugildi kennara við skólann voru um 8,2. María Gunnarsdóttir frá Tónlistarskóla Eyjafjarðar sá um tónmennt, 2 kennslustundir á viku hjá 1.-4. bekk og Rodrigo Lopes kenndi 6. bekk einn tíma á viku í marimbu.

Kennarar/leiðbeinendur:

1. Ásta F. Flosadóttir ⇒ 100% starf sem skólastjóri. Kenndi til viðbótar 23%.
2. Edda Björnsdóttir ⇒ 57,69% starf.
3. Elsa María Guðmundsdóttir ⇒ 74% starf, þar af 34% í skólavistun.
4. Guðrún Árnadóttir ⇒ 88,46% starf. Fagstjóri stuðningskennslu.
5. Heiða Björk Pétursdóttir ⇒ 84,62% starf. Hækkaði í 92,31% í febrúar.
6. Hólmfríður Björnsdóttir ⇒ 100% starf.
7. Inga M. Sigurbjörnsdóttir ⇒ 100% starf.
8. Oddný Jóhannsdóttir ⇒ 88,46% starf.
9. Símon Birgir Stefánsson ⇒ 88,00% starf sem leiðbeinandi 1. febrúar. Hann var í 40% starfi í maí og lauk svo störfum.
10. Steinunn Adolfsdóttir ⇒ 100% starf.
11. Þorgeir Rúnar Finnsson ⇒ 100% starf. Verkefnastjóri.

Skólaliðar og skólavistun:

1. Ólína Helga Friðbjarnardóttir ⇒ Skólaliði 2 – 69,45% starf.
2. Brynhildur Jóna Helgadóttir ⇒ Skólaliði 2 – 68,56% starf.
3. Kristín Sigurðardóttir ⇒ Matráður 3 – 43,43% starf.
4. Elsa María Guðmundsdóttir ⇒ 34% starf en varð svo 30,2% starf eftir jól.

Hákon Fannar Ellertsson leysti Þorgeir af í fæðingarorlofi í mars.

Búið er að ráða Sigríði Diljá Vagnsdóttur sem kennara við skólann næsta vetur. Aðrir sem starfa í skólanum eru Hermann Gunnar Jónsson, umsjónarmaður fasteigna, Björn Ingólfsson bókavörður og Sesselja Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur. Þá er Anna Bára Bergvinsdóttir skólabílstjóri.

Skóladagar áttu að vera 180 á skólaárinu, eins og sjá má á skóladagatali.¹

Vegna samkomubanns sem sett var þann 16. mars varð töluverð röskun á viðveru nemenda í skólanum. Skóla var aflýst vegna veðurs 10. og 11. desember, 14. febrúar og 11. Mars.

Nemendaráð

Nemendur á unglíngastigi kusu nemendaráð sem stóð fyrir ýmsum uppákomum og stjórnaði félagslífi nemenda í vetur. Í nemendaráði voru: *Júlía Rós Viðarsdóttir formaður, Pétur Þór Arnþórsson gjaldkeri, Karen Fatima Róbertsdóttir ritari og Hrafnkell Máni Gautason meðstjórnandi.*

3. Nám og kennsla

Nemendur í 1. – 4. bekk fengu 30 kennslustundir á viku, nemendur í 5. – 10. bekk fengu 35 kennslustundir á viku. Hver kennslustund er 40 mínútur. Nemendur á unglíngastigi voru í sk. utanskólavali þessu til viðbótar, sem samsvarar 2 kennslustundum á viku. Nemendur á unglíngastigi hafa 2 – 4 tíma í frjálsum vali á viku. Þau völdu sér sk. *heimanáms tíma*, en það eru tímar þar sem unnið er að heimanámi undir handleiðslu kennara og hluti hópans er í heimilisfræði. 8. – 10. bekkur valdi líka *næringarfræði*.

Skólaárinu er skipt í þrjár annir. Nemendur fengu afhent formlegt námsmat á skólaslitunum í júní. Námsmatið byggir að miklu leyti á leiðsagnarmati og símati, það er verið að meta nemendur allt árið. Þeir taka stuttar kannanir, próf, skila verkefnum, vinna verkefni í tíma, samvinnuverkefni og fleira. Allt þetta er metið til einkunna.

¹ Sjá viðauka 2 – skóladagatal 2019 – 2020.

Foreldraviðtöl voru tekin í upphafi skólaárs, í nóvember og um mánaðarmótin febrúar/mars.

3.1 Samræmd próf

Fjórði og sjöundi bekkur

Fimmtudaginn 19. september 2019 var samræmt próf í **íslensku** fyrir 7. bekk. Fimmtudaginn 26. september fór 4. bekkur í samræmt próf í íslensku. Meðaltöl lítilla skóla eru ekki birt. Nemendum er gefin sk. „raðtala“ (0-99) þar sem meðaltalið er 50. 9 nemendur tóku próf í 4. bekk og 1 nemandi tók próf í 7. bekk.

Niðurstöðurnar voru eftirfarandi (meðaltal):

	Grenivíkurskóli	Landið - raðtala
4. bekkur	32,1	50

Föstudaginn 20. september 2019 var samræmt próf í **stærðfræði** fyrir 7. bekk. Föstudaginn 27. september fór 4. bekkur í samræmt próf í stærðfræði. Meðaltöl lítilla skóla eru ekki birt. Nemendum er gefin sk. „raðtala“ (0-99) þar sem meðaltalið er 50. Níu nemendur tóku próf í 4. bekk og 1 nemandi tók próf í 7. bekk.

Niðurstöðurnar voru eftirfarandi (meðaltal):

	Grenivíkurskóli	Landið - raðtala
4. bekkur	70,6	50

9. bekkur

Dagana 10.-13. mars fóru nemendur í 9. bekk í samræmd próf í íslensku, ensku og stærðfræði. Gefnar eru svokallaðar hæfnieinkunnir (A, B, C og D) í öllum námsgreinunum og gefin er raðtala miðað við allan árganginn. Fyrirlögn prófana gekk vel, en þau eru öll tekin rafrænt. Vegna veðurs var stærðfræðiprófið tekið 13. mars, en ekki 11. mars eins og til stóð. Fjórir nemendur tóku prófin.

	Grenivíkurskóli	Landið - raðtala
Íslenska	57,5	50
Stærðfræði	57,3	50
Enska	36,5	50

Farið var yfir niðurstöður samræmdra prófa með forráðamönnum nemenda, fagkennurum og umsjónarkennurum.

3.2 Samstarf við foreldra/forráðamenn

Samstarf við foreldra og forráðamenn hefur gengið vel. Þó foreldrar eigi greiðan aðgang að skólanum og séu alltaf velkomnir þá nýta þeir sér það lítið. Samskipti gegnum síma, fésbók og tölvupóst eru ráðandi og starfsfólk skólans hefur þannig verið í góðu sambandi við heimilin. Öll heimili nemenda eru nettengd og hafa aðgang að tölvupósti. Allir foreldrar eru tengdir fésbókinni og eru inni á lokuðum hóp Grenivíkurskóla og á lokuðum bekkjarsíðum þar sem fréttum, myndum og tilkynningum er deilt. Þá heldur skólinn úti virkri heimasíðu þar sem nálgast má allar upplýsingar um skólann og skólastarfið ásamt fréttum og myndum.

Foreldraviðtöl með nemendum: Mánudaginn 26. ágúst, miðvikudaginn 13. nóvember og í lok febrúar mættu nemendur í viðtal til umsjónarkennara ásamt forráðamönnum. Þar var farið yfir stöðuna í náminu og ýmislegt annað tengt samskiptum og framkomu.

Foreldraspjall/bekkjарfundir: Umsjónarkennarar héldu stutta bekkjarfundir með foreldrum í október. Rætt var um námið og samskipti í bekknum. Mjög góðir fundir.

3.3 Þróunarverkefni

Grænfáninn

Vorið 2007 flaggaði Grenivíkurskóli Grænfánanum en hann er alþjóðleg viðurkenning á því að skólinn stendur sig vel í umhverfismálum. Vorið 2009 fengum við Grænfánann aftur, þann 13. október 2011 fengum við fánann í þriðja sinn og fjórði fáninn var afhentur haustið 2013. Í vetur hefur verið lögð áhersla á að halda áfram á sömu braut, þ.e. flokka rusl, endurnýta pappír, ganga vel um náttúruna o.s.frv. Við höldum áfram við moltugerð og settum moltu í kartöflugarðinn og á tré í nágrenni skólans. Nemendur sjá um að setja í moltutunnuna ásamt matræði, umsjónarkennurum og heimilisfræðikennurum, en starfsmenn hreppsins hafa aðstoðað okkur við tæminguna. Vorið 2016 fékk Grenivíkurskóli Grænfánann afhentan í fimmta sinn og á skólasetningu haustið 2018 var sjötti fáninn afhentur. Þorgeir Rúnar Finnsson sá um að halda utan um Grænfánaverkefnið í vetur.

Útiskólinn

Á þessu skólaári hafa nemendur í 1. – 5. bekk verið í útiskóla einu sinni í viku, tvær kennslustundir í senn. Námsgreinar á borð við samfélagsfræði, náttúrufræði, stærðfræði, heimilisfræði, listgreinar og lífsleikni eru fléttaðar saman í fjölbreytt verkefni. Nágreppi skólans er nýtt, m.a. skoðuðu nemendur plöntur og virkni þeirra. Nemendur fengu kynningu á Pharmartica og útbjuggu varasalva í kjölfarið. Í kringum jólin var mikið um konfektgerð og einnig nýttu nemendur afklippur af runnum og trjám og útbjuggu kransa. Á vorönn útbjuggu nemendur blómapotta úr efni úr endurvinnslu og sáðu fyrir kryddjurtum. Unnin voru fjölmörg þemaverkefni, t.d. um snjóinn og dýr í náttúrunni. Útiskólinn er frábært tækifæri til þess að nýta umhverfið í leik og starfi.

Kennarar höfðu umsjón með útiskólanum og unnu saman að því að skipuleggja hann. Næsta skólaár verður haldið áfram með þetta verkefni.

Olweusaráætlunin gegn einelti

Haustið 2010 hóf Grenivíkurskóli innleiðingarferli Olweusaráætlunarinnar gegn einelti. Í gæðahring fjalla umsjónarkennarar um einelti og afleiðingar þess. Gæðahringur er einu sinni í viku og gott tækifæri til þess að hafa markvissa forvörn. Á baráttudegi gegn einelti var verkefnastjóri Olweusarverkefnisins með umræðu um einelti áhrif þess. Í lokin rifjuðum við upp ástæðu græna karlsins sem málaður er á vegg skólans. Nýir nemendur og kennarar útbjuggu blóm og festu á græna karlinn sem mark um að þeir ætli að leggja sig að mörkum í baráttunni gegn einelti. Nemendur tóku könnun þar sem staðan í skólanum var greind og niðurstöðurnar kynntar fyrir starfsfólki. Sökum Covid-19 var ekki hægt að boða til foreldafundar til þess að kynna niðurstöður. Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að við séum í góðum farvegi þó svo að nokkra hluti megi bæta.

Byrjendalæsi

Haustið 2011 hófu Grenivíkurskóli og Valsárskóli í sameiningu að innleiða Byrjendalæsi í skólunum. Skólaþróunarsvið HA stýrði verkefninu, sem miðar að meiri fjölbreytni í kennsluaðferðum lestrarkennslu. Þróunarverkefnið tók tvö ár og tekur til íslenskukennslu á yngsta stigi. Kennarar á yngsta stigi notfæra sér aðferðir

byrjendalæsis. Stefnt er að því að halda áfram að kenna í anda Byrjendalæsis á yngsta stigi næsta vetur.

4. Úr skólalífinu

Skólasetning og skólaslit: Grenivíkurskóli var settur með formlegum hætti föstudaginn 23. ágúst 2019. Skólanum var slitið við hátíðlega athöfn miðvikudaginn 3. júní 2020. Þá fengu nemendur afhent námsmat skólaársins.

Útivistardagar: 27. - 28. ágúst voru útivistardagar. Gengið var á Gjáarmel undir leiðsögn Björns Ingólfssonar. Seinni daginn var farið var með ferjunni til Hríseyjar, þar heimsóttum við safn Hákarla Jörundar, fórum í sund og lékum okkur á leikvellingum í Hrísey.

Skólabúðir: Annað hvort ár förum við í skólabúðir á Reykjum með tvo bekki. Farið var með 7. og 8. bekk 7.-11. október 2019. Inga María fór með hópinn og gekk allt vel.

Jól í skókassa: Við tókum þátt í verkefninu „jól í skókassa“ í október og sendum frá okkur um 30 kassa fulla af góðum og gagnlegum hlutum.

Desember: síðustu vikurnar fyrir jólafrí litast af jólaundirbúningi. Við sungum jólalög, gerðum laufabrauð, skreyttum stofur og margt fleira.

Litlu jólin: Litlu jól nemenda og starfsmanna voru fimmtudaginn 19. desember. Vegna veðurs var litlu jólnum flýtt og hófust þau kl. 14 með jólastund í heimastofum nemenda. Jólasveinarnir kíktu í heimsókn. Síðan var farið á neðri hæð skólans þar sem dansað var í kringum jólatréð, farið í leiki og fleira áður en allir fóru heim í jólafrí.

Lestrarátak, eflum yndislestur: Brynhildur Þórarinsdóttir heimsótti okkur og fundaði með foreldrum um lestur og lestraránægju. Við ræddum mikið um lestur og lestrargleði í vetur og nýttum ýmsar leiðir til að auka ánægju nemenda af lestri.

Vorskemmtun: Til stóð að sýna „Með allt á hreinu“ í aprílbyrjun, en vegna samkomubanns var engin vorskemmtun í ár.

Stóra upplestrarkeppnin: Nemendur 7. bekkjar í Fjallabyggð, Dalvíkurskóla, Pelamerkurskóla og Hrafnagilsskóla héldu stóru upplestrarkeppnina í Kvosinni í MA í byrjun mars. Grenivíkurskóli var ekki með í ár vegna nemendafæðar. Komum sterk inn að ári.

Skólahreysti: Norðurlandsriðill skólahreysti var haldinn á Akureyri þann 5. Mars. Þar kepptu Heimir Már, Sigurlaug Anna, Elmar Ingi og Ólína Helga og stóðu sig með stakri þryði.

Danstímar: Jóhanna Elín danskennari kom til okkar í haust og kenndi dans. Að venju var endað á danssýningu sem tókst vel og var vel sótt af aðstandendum nemenda.

Samskólasamstarf: Þann 29. ágúst var haldið nemendaping í Valsárskóla þar sem samskólasamstarfið var til umfjöllunar. Ljóst er að nemendur vilja endurskoða þetta samstarf. Nemendur í 5.-7. bekk fóru á samskólalag á Stórutjörnum sem tókst vel. Einnig var haldinn íþróttadagur fyrir miðstigið. Engin samskólaböll voru haldin í vetur vegna Covid-19.

Útivistardagar að vori: Þann 29. maí var útivistardagur. Veðrið var milt og gott. Farið var í ratleik um Grenivík, sund og endað með grilluðum hamborgurum. Nemendur í útiskóla plöntuðu trjám og settu niður og kartöflur vikuna áður.

Nemendaráð: Nemendaráðið var duglegt í vetur, stóð fyrir ýmsum upptökum, öðruvísi dögum og íþróttakeppni við kennara.

Samvera á Svæði: Í fyrsta tíma eftir hádegi á mánudögum eru samverustundir á Svæði. Ýmislegt var gert á þessum samverustundum í vetur, nemandi vikunnar dreginn, rætt um málefni sem snerta nemendur, lesið, farið yfir þær óskráðu reglur sem gilda manna á milli, æft fyrir vorskemmtun, verkefni nemenda kynnt, fjallað um þær bækur sem nemendur eru að lesa, sungið og ýmislegt fleira.

Gestir: Við fengum marga gesti til okkar í vetur. Lögreglan var með umferðafræðslu og hjólaskoðun fyrir 1.-5.bekk, Ellafélagar komu vikulega og létu nemendur lesa. Fulltrúar frá „Fjármálaviti“ ræddu við unglíngana, Sigga Dögg var með kynfræðslu og 10. bekkur fór til Húsavíkur að fjalla um heimsmarkmiðin. Skáld í skólum heimsóttu okkur í haust og 4. bekk var boðið á leiksýninguna „Galdragáttin og þjóðsagan sem gleymdist.“

Annað: Veturinn var frekar umhleyppinga- og illviðrasamur. Fella þurfti niður skólalag í fjóra daga og nokkuð oft voru foreldrar beðnir að sækja börnin að skóla loknum. Runólfur (kveðjuháttíð 10. bekkinga) var á sínum stað, leiksýningar, ferð miðstigs með Húna, skautiferð, og margt fleira. Samkomubann setti skólalaginu vissulega skorður og ýmsir fastir liðir féllu út, en við reyndum eftir megni að halda í hefðirnar og má segja að maí hafi verið með eðlilegu móti. Lesa má um flest sem gert var á heimasíðu skólans.

Covid-19: Þann 16. mars var starfsdagur í skólanum þar sem skipuleggja þurfti skólalag í skugga samkomubanns vegna Covid-19 veirunnar. Það reyndi aldeilis á

sveigjanleika og útsjónarsemi starfsfólks. Aldursforsetinn í starfsmannahópnum fór heim í varúðarsóttkví og Símon Birgir sem þá var nýbyrjaður sem leiðbeinandi við skólann, var færður alfarið til Grenilundar. Björn Rúnar Þórðarson hljóp undir bagga með okkur og tók að sér starf skólaliða þessar vikur. Framyfir páskafrí mættu 1.-4. bekkur í skólann þrjá daga og eldri nemendur tvo daga í viku, og voru þá fullan skóladag. Foreldrafélagið sendi alla nemendur í páskafrí með veglegu páskaeggi og var það vel þegið. Síðustu tvær vikurnar í apríl voru yngri nemendur í skóla fyrir hádegi og eldri nemendur eftir hádegi. Þann 4. maí hófst skólastarf samkvæmt stundaskrá aftur og var hver stund gjörnýtt. Útivistardögum var breytt í kennsludaga og náðist þannig að kenna og prófa í fjórar vikur áður en skóla var slitið. Með samstilltu átaki kennara, foreldra og nemenda þá tókst að ljúka skólaárinu án teljandi áhrifa á námsframvindu nemenda.

5. Símenntun

Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sæki skilgreinda fræðslu. Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 150 (126/102) klst. á ári til símenntunar og undirbúnings kennara.

Þennan texta er að finna í kjarasamningi KÍ. Í Grenivíkurskóla hefur verið mörkuð sú stefna að hafa endurmenntun kennara markvissa og með þeim hætti að hún skili sem mestum árangri fyrir hópinn og skólasamfélagið í heild. Skipta má starfsþróun kennara í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Símenntun fer að mestu fram á starfstíma skólans. Af þeirri endurmenntun sem allir kennarar skólans sóttu í vetur má nefna Af þeirri endurmenntun sem allir kennarar skólans sóttu í vetur má nefna samskóladag í Valsárskóla þar sem fjallað var um tengslavanda og fleiri málefni, námskeið í Google-umhverfinu og forritum sem heyra undir það, fyrirlestur og vinnustofu með Eddu Björgvinsdóttur um hvernig vinna má með styrkleika í námi og starfi og þá fór stór hluti hópsins einnig í heimsókn í Stórutjarnaskóla og kynnti sér skólastarfið þar.

Kennarar sóttu einhverjar menntabúðir á vegum Eymenntar en þar er boðið upp á ýmsa tæknikennslu. Næsta vetur er stefnan að nýta okkur þessar búðir enn

betur. Þessu öllu til viðbótar sinntu kennarar símenntun sem tengist þeirra kennslugreinum, t.a.m. með lestri fræðigreina og bóka, áhorfi á fræðsluþætti o.s.frv.

Við fórum í endurmenntunarferð til Búdapest í Ungverjalandi dagana 25.-29. febrúar. Það var feikilega vel heppnuð ferð, bæði skemmtileg og fróðleg í alla staði.

Kennarar skrá niður símenntun og halda utan um þessa skráningu í sérstakri símenntunarmöppu á sameignardrifi kennara. Á vorin skila þeir svo af sér til skólastjóra.

6. Sjálfsmat og námskrá

Unnið var samkvæmt skólanámskrá Grenivíkurskóla í vetur. Ýmis konar sjálfsmatsvinna fór einnig fram. Ekki var unnið út frá sérstakri áætlun um sjálfsmat, en stefnt er að því að móta slíka áætlun til að vinna eftir á næsta skólaári. Áfram var unnið að umbótum í kjölfar ytra mats Menntamálaráðuneytisins, þótt sú vinna hafi tafist af óviðráðanlegum orsökum. Stöðumati á umbótaáætlun var skilað til ráðuneytis á vordögum og stefnt að því að vinna áfram að umbótum á næsta skólaári.

Áfram var unnið eftir læsisstefnu skólans en helsta sjálfsmatsvinnan síðastliðið skólaár fólst í lestrarátaki sem blásið var til ásamt ýmis konar vinnu í tengslum við það. Kennarar héldu samvinnu- og hugstormunarfund þar sem rætt var hvernig efla mætti lestraráhuga og læsi nemenda skólans. Í kjölfarið var Brynhildur Þórarinsdóttir, rithöfundur með meiru, fengin til ráðgjafar. Lögð var fyrir könnun um lestur og lestraráhuga fyrir heimili nemenda og niðurstöður hennar ígrundaðar. Þann 27. nóvember var haldinn fundur um „jákvætt lestrarsamfélag“ þar sem foreldrar og forráðamenn voru hvattir til að mæta. Fundurinn var ágætlega sóttur, en þar var fjallað um lestur og læsi frá ýmsum hliðum ásamt því að farið var í hópavinnu með það að markmiði að leita sameiginlegra leiða til þess að efla lestrarfærni nemenda.

Að vanda var farið vel yfir niðurstöður samræmdra prófa. Niðurstöður prófanna voru skoðaðar með hlutaðeigandi kennurum og leitað var leiða til að bæta það sem betur mátti fara. Þessi vinna var t.d. hluti af þeirri ástæðu að ákveðið var að ráðast í áðurnefnt lestrarátak.

Niðurstöður úr foreldrarviðtölum voru reifaðar, athugasemdir og ábendingar frá foreldrum ræddar og ígrundaðar og leitað var lausna á því sem þar kom fram. Útkoma á Olweusarkönnuninni voru enn fremur ræddar sem og niðurstöður hinna ýmsu skimana og prófa sem fram fara árlega.

Lokaorð

Skólaárið 2019-2020 var fordæmalaust. Fjölbreytt, annasamt, krefjandi og lærdómsríkt. Skólabragur er góður og í skólanum ríkir góður andi, bæði meðal nemenda og starfsfólks. Starfsmannahópurinn er samheldinn og öflugur og vinnur ötullega að því að í skólanum líði nemendum vel og að þar finni þeir fyrir öryggi. Þessi atriði eru grundvöllur þess að nemendur nái árangri í námi. Nemendahópurinn er líflegur og samheldinn, duglegur og vinnusamur. Eldri nemendur sýna ríka ábyrgðartilfinningu gagnvart yngri nemendum og taka mikinn þátt í félagslegu uppeldi yngstu nemendanna. Í ferðum á vegum skólans hafa nemendur verið til fyrirmyndar og sér og skólanum til sóma. Samskipti nemenda hafa á heildina litið verið góð þótt reglulega komi upp vandamál í samskiptum sem þarf að taka á. Í vetur hefur tekist vel til að vinda ofan of slíkum málum með góðri samvinnu heimila og skóla og samræðu nemenda, kennara og skólastjóra.

Ásta F. Flosadóttir

Skólastjóri

Viðauki 1 – nemendaskrá

Nemendur Grenivíkurskóla 1. febrúar 2020

10. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	5
Elin Þóra Hermannsdóttir	120704-4270	Lækjarvellir 6	463 3222	
Fríðbjörg Anna Gunnarsdóttir	090104-2840	Laufás		
Heimir Már Daðason	131004-2810	Höfðagata 12	845 1510	
Júlía Rós Viðarsdóttir	311204-2890	Ægissíða 34	463 3180	
Pétur Þór Arnþórsson	030504-2910	Ægissíða 13	463 3116	
9. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	4
Karen Fatima Róbertsdóttir	050505-3670	Melgata 4b	463 3301	
Sigríður Edda Ingólfssdóttir	100605-3170	Lækjarvellir 10	463 3292	
Sigurlaug Anna Sveinsdóttir	231205-3060	Áshóll	463 3220	
Vésteinn Kári Gautason	140205-3890	Túngata 12	463 3120	
8. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	6
Bjarni Ben Stefánsson	191106-3690	Ægiss. 21	463 3306/463 3312	
Elmar Ingi Gunnþórsson	230506-3290	Höfðagata 9	463 3313	
Hrafnkell Máni Gautason	150906-3340	Túngata 12	463 3120	
Jasmín Ýr Stefánsdóttir	310706-2130	Ægissíða 7	847 6980	
Ólína Helga Sigþórsdóttir	200806-3010	Ægissíða 27	463 3364	
Sigurður Einar Þorkelsson	080806-4260	Höfði I	463 3264	
7. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	2
Embla Lind Ragnarsdóttir	150307-3680	Hléskógar	462 4878	
Jakub Janusz Slezinski	281107-2400	Lækjarvöllum 4		
6. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	8
Birgir Húni Haraldsson	110808-3990	Túngötu 21	463 3289	
Gabriel Örn Stefánsson	090408-3480	Ægissíða 7	847 6980	
Inga Sóley Jónsdóttir	061008-3490	Ægissíða 22	463 3174	
Jóhann Kári Birgisson	220708-3810	Miðgarðar 8	463 3134	
Olgeir Máni Brynjarsson	230408-3430	Ægissíða 29	8983551/6668700	
Rúnar Haukur Gunnarsson	030508-3350	Laufás		
Sigurlaug Birna Sigurðardóttir	160708-4090	Ægissíða 32	463 3224	
Tómas Rafn Harðarson	030708-3420	Melgata 5	463 3323	
5. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	6
Aníta Ingvarsdóttir	030509-3150	Lækjarvellir 12	463 3262	
Hilmar Mikael Þorsteinsson	231209-4170	Melgata 10	463 3131	
Jón Barði Sigurbjörnsson	100209-3810	Túngata 28	463 3320	
Linda Rakel Harðardóttir	270909-2560	Melgata 3	699 0732	
Maciej Jerzy Slezinski	231009-2800	Lækjarvöllum 4		
Móeiður Alma Gísladóttir	260609-3350	Höfðagata 2b	463 3248	
4. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	9
Baldur Þór Henrysson	110510-3060	Höfðagata 12	845 1510	
Haraldur Helgi Hjaltason	160510-2180	Miðgarðar 14	467 1137	
Katla Eyfjörð Þorgeirsdóttir	300810-2250	Túngata 15	868 2385	
Kristjana Elín Sigþórsdóttir	280510-2380	Ægissíða 27	463 3364	
Selma Lind Björnsdóttir	010110-2970	Lækjarvellir 14	571 0374	
Sigurður Arnfjörð Brynjarsson	030310-2920	Ægissíða 29	8983551/6668700	
Smári Signar Viðarsson	290610-2220	Ægissíða 34	463 3180	
Svavar Orri Gunnþórsson	180710-2560	Höfðagata 9	463 3313	
Tryggvi Hrafn Haraldsson	270710-3870	Túngata 21	463 3289	
3. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	5
Agúst Hrafn Guðjónsson	091211-2970	Túngata 26	466 3794	
Björg Guðrún Sigurbjörnsdóttir	231011-2260	Túngata 28	463 3320	
Ísadóla Ambjörg Anselmo	161111-3090	Melgata 12	773 6800	
Rakel Ýr Ingibjargardóttir	180211-2250	Höfðagata 1	571 4367	
Sindri Páll Ragnarsson	010311-2410	Hléskógar	462 4878	
2. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	6
Angantýr Magni Guðmundsson	120712-2680	Akurbakkavegur 9	8961457/8670999	
Ari Logi Bjarnason	190112-3490	Ægissíða 29	8983551/6668700	
Bjartur Ingi Jónsson	210912-2820	Túngata 16	856 2460	
Kristófer Darri Birgisson	140212-2370	Miðgarðar 8	463 3134	
Gylfi Björnsson	291012-3370	Lækjarvellir 14	571 0374	
Valtýr Máni Sigurðsson	231212-2990	Höfðagata 1	571 4367	
1. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	3
Brynjar Snær Hjaltason	290113-2880	Miðgarðar 14	467 1137	
Tristan Logi Stefánsson	220913-2440	Ægissíða 7	847 6980	
Trausti Loki Stefánsson	220913-2520	Ægissíða 7	847 6980	

Ágúst	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ
1 F	1 S	1 D	1 F	1 S	1 M	1 L	1 S	1 M	1 F	1 M
2 F	2 M	2 Miðdag 5-7 á Sveit	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 M
3 L	3 D	3 F	3 S	3 D	3 M	3 M	3 D	3 F	3 S	3 M
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 D	4 D	4 M	4 L	4 M	4 F
5 M	5 F	5 L	5 D	5 F	5 M	5 M	5 F	5 S	5 D	5 F
6 D	6 F	6 S	6 M	6 F	6 F	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L
7 M	7 L	7 Mi-á-á Reklam	7 F	7 L	7 D	7 F	7 L	7 D	7 F	7 S
8 F	8 S	8 D-á-á Reklam	8 F	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M
9 F	9 M	9 Mi-á-á Reklam	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F	9 L	9 D
10 L	10 D	10 F-á-á Reklam	10 S	10 D	10 M	10 M	10 D	10 F	10 S	10 M
11 S	11 M	11 F-á-á Reklam	11 M	11 M	11 L	11 L	11 M	11 L	11 M	11 F
12 M	12 F	12 L	12 D	12 F	12 M	12 M	12 F	12 S	12 D	12 F
13 D	13 F	13 S	13 M	13 F	13 F	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 D	14 F	14 L	14 D	14 F	14 S
15 F	15 S	15 D	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M
16 F	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 D
17 L	17 D	17 F	17 S	17 D	17 M	17 M	17 D	17 F	17 S	17 M
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 D	18 M	18 L	18 M	18 F
19 M	19 F	19 L	19 D	19 F	19 M	19 M	19 F	19 S	19 D	19 F
20 D	20 F	20 S	20 M	20 F	20 F	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 D	21 F	21 L	21 D	21 F	21 S
22 F	22 S	22 D	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M	22 F	22 M
23 F	23 M	23 M	23 L	23 S	23 F	23 M	23 M	23 F	23 L	23 D
24 L	24 D	24 F	24 S	24 D	24 F	24 D	24 D	24 F	24 S	24 M
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 D	25 M	25 L	25 F	25 F
26 M	26 F	26 L	26 D	26 F	26 M	26 M	26 F	26 S	26 D	26 F
27 D	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 M	27 M	27 M	27 L
28 M	28 M	28 D	28 F	28 L	28 D	28 F	28 L	28 D	28 F	28 S
29 F	29 S	29 M	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 M	30 M	30 F	30 L	30 D
31 L	31 F	31 F	31 D	31 D	31 F	31 D	31 D	31 S	31 S	31 F

Sankveamt kláringsdagur í samráði við kennara sambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimin og skulu ákveðin af skólastjóra í samráði við kennara og með hlífðun skólans.
Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.